



ÁRSSKÝRSLA
SUÐURHLÍÐAR

Starfsárið 2024–2025

Reykjanesbæ, júlí 2025

1. Inngangur

Árið 2024 markaði tímamót í baráttunni gegn ofbeldi á Suðurnesjum þegar Suðurhlíð – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis – var stofnuð. Miðstöðin er afrakstur víðtæks samstarfs ellefu aðila á Suðurnesjum sem sameinuðust um að efla stuðning og úrræði fyrir þolendur ofbeldis og annarra afbrota.

2. Samstarf og undirbúningur

Í nóvember 2023 var undirrituð samstarfsyfirlýsing milli eftirfarandi aðila:

- Sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum
- Fjölbrautaskóli Suðurnesja (FS)
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS)
- Heilsugæslan Höfða
- Keilir – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs
- Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
- Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
- Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Fyrsta verkefni samstarfshópsins var að koma á fót þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið veitti styrk til verkefnisins.

Í ársbyrjun 2024 var skipaður undirbúningshópur sem í sátu fulltrúar þeirra aðila sem stefndu að opnun miðstöðvarinnar sem voru sveitarfélögin fjögur, Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, HSS, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Kvennaráðgjafarinnar. Fundina sat einnig sýslumaðurinn á Suðurnesjum sem jafnframt hýsti fundina.

3. Stofnun og staðsetning Suðurhlíðar

Í tengslum við húsnæðismál kviknaði sú hugmynd að Suðurhlíð hefði aðsetur í Aðalgötu 60 í Reykjaneshæ. Húsnæðið deilir Suðurhlíð með Heilsugæslunni Höfða og annarri heilsutengdri starfsemi.

Stofnfundur Suðurhlíðar var þann 22. maí 2024. Inga Dóra Jónsdóttir var ráðin sem teymisstýra í júní 2024 og hóf störf 1. september 2024. Hún hefur verið eini starfsmaður miðstöðvarinnar frá upphafi. Suðurhlíð var formlega opnuð þann 17. október 2024.

4. Rekstrarform og styrkir

Suðurhlíð starfar sem frjáls félagasamtök.

Helstu styrkir árið 2024:

- Soroptimistar í Reykjaneshæ veittu styrk í lok sumars 2024.
- Kökulist styrkti með veitingum þegar Suðurhlíð opnaði formlega.
- Marriot Hotel veitti styrk með aðgang að fundarsal þegar Suðurhlíð þarf á að halda.

- Reykjanesbær veitti styrk í formi tölvubúnaðar í byrjun, ásamt hönnun á bæklingi.
- Blue Car Rental styrkti starfsemi í tengslum við Októberfest 2024.
- Suðurnesjabær veitti styrk í formi vinnuframlags við útreikninga launa.
- Soroptimistafélagið styrkti Suðurhlíð á afmælishátíð sinni í maí 2025.

5. Kynningar og samstarf

Teymistýra hefur haldið kynningar og átt fundi með margvíslegum aðilum:

- Velferðarsvið Reykjanesbæjar
- LIONS klúbburinn Æsa
- Lýðheilsuráð
- Öruggari Suðurnes
- MSS
- Geðheilsuteymi HSS
- Björgin
- Suðurnesjabær og Reykjanesbær – kynningar- og samstarfsfundur með ráðgjöfum og sérfræðingum

Heimsóknir voru einnig farnar til:

- Kvennaathvarfsins
- Stígamóta
- Heimilisfriðar
- Bjarkarhlíðar

Einnig komu gestir í heimsókn til Suðurhlíðar, þar á meðal starfsfólk Kvennaathvarfsins, fulltrúar VR og vinnustaðaeftirlits.

6. Starfsemi og þjónusta

Helsta þjónustuform:

Einstaklingsviðtöl (1–3 viðtöl í upphafi, síðan vísað áfram eftir þörfum).

Áfallamiðað jóga með Berglindi Skúladóttur fór af stað í lok apríl og stóð í sjö vikur.

Þátttakendur upplifðu bætta líðan.


Fyrirhugað er hópastarf haustið 2025 í bland við jóga. Það er hugsað sem ákveðið úrræði í framhaldi af stuðningsviðtölum

7. Tölfræði yfir þjónustu

Tölulegar upplýsingar Suðurhlíðar eru byggðar á spurningum í komuskýrslum sem allir þjónustunotendur svara þegar þeir koma í fyrsta skipti í viðtal. Þjónustunotendur svara sjálfir bakgrunnsupplýsingum en ráðgjafi Suðurhlíðar tekur svo við og fyllir inn í komuskýrsluna. Samskonar spurningalisti er lagður fyrir alla þjónustunotendur.

Tímabil: Október 2024 – júní 2025

Heildarfjöldi einstaklinga í fyrsta viðtal: 63 (þar af 6 karlar)



Á árinu 2024:

- Fyrstu viðtöl: 26
- Endurkomur: 17


- Á árinu 2025 (til loka júní):

- Fyrstu viðtöl: 34
- Endurkomur: 65

Tilvísanir og áframhaldandi þjónusta:


Eftir fyrsta viðtal hefur flestum verið vísað í annað viðtal til Suðurhlíðar, flestar tilvísanir hafa farið til Stígamóta utan Suðurhlíðar.

Töluverð bið er eftir áframhaldandi þjónustu nema hjá Kvennaathvarfinu.




Uppruni og aðstæður:

- Flestir þjónustunotendur eru íslenskir.
- 7 þjónustunotendur eru af erlendum uppruna.




Tegund ofbeldis




Ástæður komu:

- Algengasta ástæðan: Ofbeldi af hálfu maka



Hvar átti ofbeldið sér stað



Lögreglukærur: 12 af 63 þjónustunotendum hafa kært ofbeldið til lögreglu.

Afleiðingar ofbeldis:

Algengar afleiðingar: eru meðal annars kvíði, svefnvandamál, þunglyndi, einangrun og einkenni áfallastreitu

Það kom fram í komuskýrslum að 46 einstaklingar eiga sögu um fyrri áföll tengd ofbeldi. Einnig kom fram að flestir gerendur glíma við einhvers konar fíknivanda (utan 4 einstaklingar).

8. Lokaorð

Stjórn Suðurlíðar ber ábyrgð á daglegum rekstri. Teymisstýra starfar í umboði stjórnar og stýrir framkvæmdum og þjónustu. Fyrsta starfsár Suðurlíðar markaðist af uppbyggingu, kynningu og mótun faglegra verklagsreglna. Suðurlífið þakkar öllum velunnurum og samstarfsaðilum sem hafa stutt starfsemina með einum eða öðrum hætti.

Framundan er frekari þróun þjónustu, aukið samstarf og efning úrræða fyrir þolendur ofbeldis á Suðurnesjum.

F.h. Suðurlíðar

Inga Dóra Jónsdóttir teymisstýra.
Reykjanesbær, júlí 2025